

FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Til flóruvina

Nú er langt um liðið síðan ferlaufungur kom síðast út. Það eru tæp þrjú ár, hann kom síðast út í júní árið 2000. Ástæða þess er einkum óvænt annríki vegna rannsókna tengdum umhverfismati (Kárahnjúka-virkjun, Norðlingaöldulón) og vegna rannsókna tengdum rammaáætlun um virkjanir.

Vinna við útbreiðslukortin sem fór svo vel af stað fyrri hluta ársins 2000, var lögð á hilluna í bili vegna annarra verkefna. Þetta þýðir þó alls ekki að allt hafi verið unnið fyrir gíg, þvert á móti. Allar upplýsingar sem koma frá flóruvinum fara inn í gagnagrunninn, varðveitast þar og biða síns tíma.

Vonir standa til að hægt verði að taka upp þráðinn aftur fyrri hluta þessa árs (2003), ef ekki koma enn á ný upp óvænt verkefni sem þurfa forgang.

Af sömu ástæðum hafa flóruvinir ekki séð neina uppfærslu á þeim útbreiðslukortum sem þeir hafa aðgang að bakdyramegin á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar, www.ni.is/flora. Sú uppfærsla kemur fyrst í kjölfar endurvinnslu útbreiðslukortanna, sem nú er aftur að fara af stað. Þó hefur ýmislegt gerst í vefsíðumálum.

Opnuð hefur verið ný vefsíða á veffanginu www.floraislands.is í stað hinnar gömlu. Hún er öllum opin án aðgangsorða, og geymir ýmsar upplýsingar um flóru Íslands. Hún geymir umfjöllun um 650 tegundir

plantna, bæði blómplantna, byrkninga, mosa, fléttna og sveppa, flestar með myndum. Útbreiðslukort eru þó ekki enn aðgengileg á henni, en ætlunin er að setja þau inn á þessa nýju síðu jafn óðum og þau verða uppfærð. Fyrstu kortin eru raunar þegar komin. Gömlu útbreiðslukortin mun hins vegar áfram verða aðgengileg á www.ni.is/flora með aðgangsorðinu Florvin og lykilorðinu Agrostis þar til nýju kortin verða aðgengileg á www.floraislands.is.

Með því að velja plöntuflokk undir yfirskriftinni Flóra Íslands er hægt að velja plöntur til að skoða eftir íslenska nafninu. Með því að fara í latnesk nöfn má finna tegundina eftir hinu latneska nafni hennar.

Á nýju vefsíðunni má einnig finna lista yfir blómplöntur og byrkninga á Íslandi, og einnig lista yfir fléttur. Þessir listar verða uppfærðir öðru hvoru þegar nýjar tegundir bætast við, eða nafnbreytingar verða á eldri tegundum. Þeir eru því ætlaðir sem heimild til að finna þau nöfn sem gild eru á hverjum tíma.

Einnig hafa verið settar á síðuna myndir og lýsingar á nokkrum gróðursamfélögum, og verður bætt við þau eftir því sem myndefni verður til.

Að lokum á að gefa notendum kost á að velja tegund eftir útliti með því að setja upp sérstakt myndasafn, þar sem hægt er að skoða heilt safn smámynda í einu, og velja þannig úr plöntur sem áhugavert er að skoða, smella síðan á þær til að stækka þær.

Af starfi flóruvina

Undanfarin misseri hafa allmargar nýjungar um flóru Íslands safnast saman, einkum upplýsingar um útbreiðslu plantna. Nýjar plöntur áður óþekktar á landinu finnast sjaldan, nema lágplöntur eins og fléttur, mosar og sveppir. Flóruvinir eiga þegar nokkurn þátt í að byggja upp þekkingu á útbreiðslu blómplantna. Verður hér sagt frá því helzta sem gerst hefur á þessum vettvangi.

Vatnamynta. Ein merkasta uppgötvun flóruvina fram að þessu varð þegar María Birna Arnardóttir fann vatnamyntu á nýjum stað, á Reykhólum í Reykhólasveit. Þetta er friðuð tegund, og var áður aðeins fundin á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, af Steindóri Steindórssyni 1938. Þetta er því annar fundarstaðurinn á Íslandi. Á báðum þessum stöðum vex vatnamyntan við jarðhita. Í Flóru Íslands, 3. útg. er talið að þessi tegund muni upphaflega vera slæðingur sem borist hafi með byggðinni að Reykjanesi.

Hrisastör fannst fyrst á nokkrum stöðum við Bjarnarfjörð syðri á Ströndum. Síðar hefur hún fundist á örfáum stöðum til viðbótar á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra allt austur í Fljót. Árið 2001 kom Arnlín Óladóttir til mín með eintök af hrisastör frá Þernuvík við Mjóafjörð, Ísafjarðardjúpi. Hún fannst þar í votlendi nálægt sjó. Síðar fékk ég send eintök af hrisastör frá Hólmgæiri Björnssyni, sem hann hafði fundið við Bjarghús í Vesturhópi.

Hrisastörin er örugglega nokkuð gamall borgari í landinu, en hún er ekki mjög áberandi þar sem hún líkist nokkuð mýrastör eða stinnastör, og því fáir sem þekkja hana.

Fitjasef fannst fyrst á Íslandi árið 1976 við Leiruvog í Mosfellssveit. Vex það þar í þéttri breiðu á nokkru svæði. Þetta mun hafa verið eini fundarstaður þess á landinu, þar til nú í marz árið 2002. En þá gengum við hjónin niður á Knarrarnes á Svalbarðsströnd á heimleið frá skíðaferð austur á Fljótsheiði. Þar varð fyrir okkur breiða af sérkennilegu sefi sem mig grundaði strax að væri fitjasef. Gat ég staðfest það þegar heim kom með því að bera

saman blómskipan á sinustráunum sem ég tók með mér við eintök úr plöntusafninu. Þetta er því annar fundarstaður fitjasefs á Íslandi. Að líkindum er það ekki mjög gamalt í landinu miðað við stærð svæðanna sem það vex á, þó er það líklega búið að vera á þessum stöðum einhverjar aldir. Það virðist ekki sá sér út, heldur skrifa út frá þeirri miðju þar sem það náði fyrst fótfestu. Með því að mæla vaxtarhraðann út til jaðranna, ætti því að mega áætla tímann sem það hefur tekið að mynda svona stóra breiðu.

Nýir 10 x 10 km reitir. Hér hef ég sagt frá nýjungum í útbreiðslu þriggja plantna, sem komið hafa inn á síðustu árum. En afrek flóruvina eru fleiri, því á síðasta ári sendi Hulda Steingrímsdóttir inn plöntu-lista frá tveim 10 x 10 km reitum, sem engar plöntur höfðu verið skráðar í áður. Þetta voru reitir nr. 5758 sem nær frá Grænalóni norður á Þórðarhyrnu á Vatnajökli og nr. 5959 sem nær frá Kjós og Færineseggjum í Skaftafellsfjöllum norður á Vatnajökul. Þetta eru sem sagt krikarnir uppi við Vatnajökul sitt hvorum megin við Skeiðarárjökul. En Hulda tók þátt í leiðangri undir stjórn eiginmanns síns þvert yfir Skeiðarárjökul, og gerði plöntu-lista í áfangastöðum báðum megin við jökulinn.

Stólpinn á Kvískerjum. Það þarf vist ekki að koma neinum á óvart, að Hálfán Björnsson á Kvískerjum er einn af öflugustu stólpum flóruvina á Íslandi. Hann aflaði sér snemma viðtækrar þekkingar á íslenskum plöntum, og þekkir þær því mjög vel. Hann ferðast einnig mikið um suðausturluta landsins allt frá Skeiðarársandi norður í Hornafjörð, og þekkir því flóru þessa svæðis betur en nokkur annar. Það er því afar dýrmætt að geta leitað til Hálfáns þegar upp koma vandamál sem snerta þetta svæði.

Tveir reitir eru neðst á Skeiðarársandi, sem enginn hefur náð að heimsækja til að skrá plöntur nema Hálfán, og inn í Mávatörfu í Veðurárdalsfjöllum hefur enginn annar lagt leið sína enn til að skrá plöntur.

Athyglisvert er, að á Suðausturlandi eru eyður í útbreiðslu sumra plantna, sem annars eru algengar um allt land, en þar er hins vegar óvenju mikið um sjaldgæfar fléttur á birkitrjám, sem ekki eru annars staðar á landinu.

Um tungljurtir

Allir þekkja íslenzku **tungljurtina** (*Botrychium lunaria*), enda er hún mjög algeng um allt land. Sköpulag hennar er allt mjög furðulegt, aðeins eitt tvískipt blað sem kemur upp úr jörðunni, og ber það samsetta blöðku öðrum megin með tungllaga smáblöðum, en greinda gróhirzclubera hinum megin.

Lengi hefur verið vitað um tvær aðrar sjaldgæfar tegundir af þessari ættkvísl, **lensutungljurt** (*Botrychium lanceolatum*) og **mánajurt** (*Botrychium boreale*). Eru þær báðar auðþekktar frá tungljurtinni, vegna þess að smáblöðin á blöðkunni hafa allt aðra lögun, og eru ekki hálfmánalaga.

Það var hins vegar fyrst árið 1952, að fjórða tegundin, **dvergtungljurt** (*Botrychium simplex*), fannst hér á landi, í Þjórsárdal. Segir Steindór Steindórsson frá þeim fundi í Náttúrufræðingnum sama ár.

Eitt af einkennum hennar er að blaðhlutarnir skiptast alveg niðri við jörð, blöðkuhlutinn er leggstuttur og situr því niðri, en gróbæri hlutinn er allhávaxinn. Blaðkan er mjög einföld og lítil að gerð með fáum smáblöðum.

Næstu áratuginu sáust stöku sinnum tungljurtir sem minntu á dvergtungljurt, smáar með einföld blöð, en hæfðu þó ekki lýsingu hennar að því leyti, að blaðhlutarnir greindust ofarlega, en ekki niðri við jörð. Oft uxu þessar plöntur innan um venjulega tungljurt, og var helzt litið á þessar plöntur sem vanskapninga eða hugsanlega kynblendinga tungljurtar og dvergtungljurtar. Sýnishorn voru send til Svíþjóðar til greiningar þegar I. Bindi Norðurlandaflórunnar var í undirbúningi, en ekkert nýtt kom út úr því.

Á síðasta áratug síðustu aldar fór þýzkur áhugamaður um plöntur, að nafni Struck, að venja komur sínar til landsins. Aðalerindi hans var að taka myndir af ýmsum sjaldgæfum byrkningum sem hér finnast. Takmark hans var að koma upp myndasafni af öllum byrkningum Evrópu.

Struck varð starsýnt á þessar smáu tungljurtir og fann meira af þeim en áður var vitað um. Komst hann fljótt á þá

skoðun, að hér væri um sérstaka tegund að ræða, og kallaði hana "**íslandstungljurt**". Komst hann að raun um það, að hún skildi sig nokkuð vel frá dvergtungljurt og venjulegri tungljurt. En þá var eftir að finna út hvort þetta væri ný og áður óþekkt tegund, eða hvort hún væri þekkt einhvers staðar annars staðar.

Ekkert stóðaði að leita til sérfræðinga í Evrópu, þeir þekktu þetta ekki. Að lokum komst hann í samband við sérfræðinga í Bandaríkjunum, sem voru að rannsaka tungljurtir með nýjum aðferðum. Hann sendi íslenzkar tungljurtir til þeirra, og voru þær bornar saman við aðrar vestrænar tungljurtir.



1. mynd. Tvær dvergtungljurtir vinstra megin, en "Íslandstungljurtir" til hægri.

Þessar rannsóknir leiddu í ljós, að "íslandstungljurtin" reyndist vera sama fyrirbærið og amerískt afbrigði dvergtungljurtar sem gekk undir nafninu *Botrychium simplex* var. *tenebrosum*. Rannsóknir standa enn yfir við Iowa State University í Bandaríkjunum á því, hvort líta beri á þetta fyrirbæri sem sjálfstæða tegund, eða sem afbrigði dvergtungljurtar eins og hingað til hefur verið gert.

Meðal þess efnis, sem sent var til greiningar í Iowa leyndist innan um venjulegar tungljurtir eintak sem reyndist frábrugðið þeim, og var greint til tegundarinnar *Botrychium minganense*. Það er einnig amerísk tegund, sem ekki hefur

Þessi tegund er stór og stæðileg eins og venjuleg tungljurt, með keilulaga smáblöð, sem eru heldur mjórri og gisstæðari en á venjulegri tungljurt. Blaðkan sjálf er slétt, og smáblöðin falla betur niður í einn flöt. Á venjulegri tungljurt rís neðsta blaðparið gjarna fram úr fleti við hin. Vegna lögunar smáblaðanna mætti nefna þessa nýju jurt **keilutungljurt**. Samkvæmt þessu eru nú fundnar fimm tegundir íslenzkra tungljurta, og gætu orðið sex ef *Botrychium simplex* var. *tenebrosum* verður talin sjálfstæð tegund.




2. mynd. Venjuleg tungljurt til vinstri, en tvær keilutungljurtir hægra megin.

Nú sem stendur er verið að fara yfir öll söfn af íslenzkum tungljurtum, og kanna hvort þar leynast fleiri sýni af keilutungljurt. Þegar því er lokið verður hægt að segja meira um útbreiðslu þessara tegunda hérlendis.

Alaskalúpínan

Það hefur víst ekki farið fram hjá neinum, að alaskalúpína hefur verið að dreif-

ast mjög ört um landið síðustu áratugina. Upphaflega var hún flutt inn í landið með það fyrir augum, að nota hana til að græða upp sanda og örfoka land, en til þess er hún að mörgu leyti hentug. Margir hafa hins vegar orðið til þess, að flytja hana á ólíklegustu staði þar sem hennar er engin þörf. Sumir hafa lent í því að setja hana í litla, gróðursnauða bletti í sumarbústaðalandi sínu, en ekki gætt að því hvað hún er dugleg að breiða sig út, setja annan gróður í kaf, og virðir raunar engin landamæri. Hún dreifir sér bæði með því að skjóta fræum í kring um sig, og einnig berst hún með leysingarvatni undan halla, með lækjum og ám, og nemur land á nýjum stöðum. En ekki þýðir að fást um orðinn hlut, við verðum að setta okkur við hana um ókomin ár, því það er nær ógjörningur að losna við hana aftur úr óvæltæku landi.



3. mynd. Útbreiðslukort Alaskalúpínu á Íslandi samkvæmt gagnagrunni.

Vegna þess hve lúpínan er ný í landinu, er útbreiðslukort hennar enn þá mjög ófullkomið. Því vil ég leita til ykkar flóruvínir, og biðja ykkur um að senda mér upplýsingar um hvar lúpínan vex utan þeirra svæða sem merkt eru á meðfylgjandi korti. Það er upplagt að hafa hvítu spjöldin með sér á ferðalögum, og skrá fundarstaði hennar á þau.



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 460 0500 Bréfasími 460 0501
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 590 0500 Bréfasími 590 0595